

## **Stjórnarfundur Sundráðs ÍRB**

### **Fundur nr. 3**

**30. mars 2010 í K-húsinu kl. 20:00**

Mættir: Guðmundur, Falur, Friðrik, Hjördís, Sigurbjörg, Sigurþór, Elsie, Lúðvík, Helga, Herdís, Sara, Ásta, Júlíus og Harpa.

Steindór mætti einnig á fundinn og tók þátt í umræðu um lið 1 til 3.

Boðuðu forföll: Edda, Svala, Theódór og Haraldur

#### **1. mál Fundargerð síðasta fundar**

Farið yfir fundargerð síðasta fundar. Þær athugasemdir sem komu fram hafa verið lagfærðar. Fundargerð samþykkt.

#### **2. mál Næsta tímabil**

Undirbúningur fyrir næsta tímabil hefur verið í gangi. Formaður og varaformaður ÍRB hafa verið í viðræðum við Steindór. Næsta miðvikudag verður fundur með þjálfurum ÍRB og fulltrúum stjórnar ÍRB til að vinna að hugmyndavinnu með þeim. Þá verður einnig fundað með hverjum þjálfara fyrir sig.

#### **3. mál Sparisjóðsmótið 14. – 16. maí 2010**

Mótsstjóri verður Falur og riðlastjóri Elsie. Huga þarf að verðlaunum í tíma. Badda og Lúlli taka verðlaunaafhendingu. Júlli og Sigurþór sjá um að undirbúa skóla og sundlaug. Foreldrafundur fyrir Sparisjóðsmótið mánudaginn 26. apríl þar sem foreldrar verða skráðir í vinnu bæði á Sparisjóðsmótið og Bikar. Eftir páska verður sendur póstur á önnur sundfélög með upplýsingum um Sparisjóðsmótið. Herdís fékk þrjú tilboð vegna hádegis- og kvöldverðar í Sparisjóðsmótið og Bikar. Lægsta tilboði tekið.

#### **4. mál Kennitala sundráðs, reikningar og styrkjamál**

Kennitala sundráðs er 480310-0550.

Reikningur hefur verið stofnaður og annar reikningur verður stofnaður til að halda utan um sundmót og þriðji fyrir sundsjóð sundmanna. Reglur um sundsjóð verða samræmdar þegar sjóðirnir verða sameinaðir.

Fram á haust verða styrkir til sundmanna á vegum SK og SN en samræmdar reglur verða settar í haust. Gæta verður jafnræðis á milli sundmanna SK og SN fram að þeim tíma þ.e. ef sundmenn í öðru félaginu fá t.d. styrki frá aðalstjórn mun það félag sem ekki fær þann styrk jafna töluna. Miðað er við 20% af kostnaði við mót eða 20% af fjargjaldi sundmanna sem eru að koma heim í verkefni.

#### **5. mál Önnur mál**

a) Gott kort: Kynning frá Fali og Hjördísi á nýju korti sem verið er að bjóða íþróttahreyfingunni.

b) Umræða um fyrirkomulag þjálfunar næsta árs. Fundur fimmtudaginn 8. apríl kl. 20 í K-húsinu til að ganga frá þessum málum.

c) Búningamál: Linda hefur verið að reyna að fá fund í Henson til að panta buxur (stuttbuxur eða kvartbuxur) og bol (hvítan) í vor og nýjan fatnað í haust. Ákveðið að opna möguleika á að foreldrar geti sent inn tölvupóst og auglýst fatnað sem liggur hjá fólki ónotaður. Sett verður upp sölusíða á heimasíðum félagsins. Hjördís ætlar að athuga veglegri Speedo bakboka merka ÍRB.

d) Sundhetta: Steindór sendir nýja tillögu í tölvupósti.

e) Sigurbór spurði um aðstöðu sundfélagsins í sundmiðstöðinni. Ákveðið að sækja um aðstöðu fyrir sunddeildirnar í sundmiðstöðinni. Formaður Sundráðs ÍRB falið að sækja um aðstöðuna í sundmiðstöðinni.

Fundargerð ritaði Sigurbjörg Róbertsdóttir